



## Heiti áfanga: Parísaráfangi

Áfanganúmer: FRAN2FD05

Þrep: 2

Fyrir hvaða bekk: 3FN

Aðili sem kynnir áfanga: Gríma

### Lýsing:

Í áfanganum undirbúa og skipuleggja nemendur nokkurra daga ferð til Parísar. Þeir vinna verkefni tengd borginni fyrir ferðina, í henni og eftir að heim er komið. Lögð er áhersla á umfjöllun um sögu borgarinnar og merkisstaði sem síðan verða heimsóttir í ferðinni, undir leiðsögn kennara og/eða leiðsögumanns. Hluti vinnunnar fyrir ferðina felst í upprifjun á orðaforða og málnotkun með áherslu á dagleg samskipti. Nemendur vinna ýmist á frönsku eða íslensku í áfanganum. Þeir horfa á kvikmyndir, heimildarmyndir og leikið efni þar sem sögusviðið er París. Sönglög um borgina eru einnig til umfjöllunar í áfanganum.

Nemendur greiða sjálfir kostnað ferðarinnar en hluti fjáröflunarinnar er liður í námsvinnu nemenda.

Gert er ráð fyrir þremur föstum tímum í stundatöflu. Önnur vinna felst í undirbúningi og ferðinni sjálfri.

Forkröfur: FRAN1FC05

Námsmat: Próflaus áfangi